

14. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarstjórn ákveðið, fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka gjaldskrána um allt að 50%.

15. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast bæjarstjóri reikningshald og innheimtu skattsins.

Gjalddagi er 2. janúar ár hvert. Auka vatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á, með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs. Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari reiknast í heilum krónum.

16. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Vatnsskattinn má taka löglaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Hver, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsgeyma, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkv. mati tveggja óvilhallra manna, og sæta sektum fyrir.

18. gr.

Skýlt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 1000.00 króna sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 173 12. september 1945 um vatnsveitu í Keflavík og reglugerð nr. 207 31. des. 1958 um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Keflavík
nr. 206 31. desember 1958.**

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast þann kostnað, skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald, er hann

tengir hús sitt við holræsakerfi bæjarins. Tengigjald þetta skal vera kr. 3000.00 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 1000.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina, og fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 6000.00. Húseigandi getur eigi krafizt tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs 1.2% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00.

Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað holræsagjöld um allt að 50%, þar sem sérstakar ástæður liggja til.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásildar nr. 7 22. febrúar 1966, og um bann við loðnuveiðum.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1971 er óheimilt að veiða meira en 25 þúsund lestir sildar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvisandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin réttvisandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 15. febrúar til 1. september 1971 eru sildveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Drátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegsráðuneytið, að fengnu álitu Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði sildar á þessu svæði til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða heitu. Leyfi þessi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Þó verða slík leyfi ekki veitt á tímabilinu 1. júlí til 15. ágúst 1971.

Á tímabilinu 1. marz til 30. apríl 1971 eru loðnuveiðar bannaðar austan 12°30' vesturlengdar milli 64°30' og 66°00' norðurbreiddar.

Á tímabilinu 1. maí til 31. júlí 1971 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landsgrunnnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breyting á reglugerð um bann við veiði smásildar nr. 7 22. febrúar 1966.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.